





Flugslysaæfing Reykjavíkurflugvöllur 1. október 2022 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn á
Höfuðborgarsvæðinu

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

1	Efnisyfirlit	
2	Frá æfingastjórn	2
3	Markmið	3
4	Undirbúningur og framkvæmd.....	4
4.1	Fræðsluvika.....	4
4.1.1	Dagskrá Flugslysaæfingar í Reykjavík 2022	4
4.2	Æfingastjórn	6
4.3	Ráðgjafar	6
4.4	Þátttaka	6
4.5	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	7
4.6	Veður	7
4.7	Vettvangur.....	8
5	Rýni.....	9
5.1	Vettvangsæfing – Rýnifundur.....	9
5.2	Vettvangsrýni ráðgjafa	11
5.3	Rýni meðal leikara	16
5.4	Rafræn rýni – allir þátttakendur.....	16
5.4.1	Hverjir tóku þátt í rýni	17
5.4.2	Það sem vel var gert í undirbúningi æfingar	17
5.4.3	Það sem vel var gert í framkvæmd/úrlausn æfingar.....	18
5.4.4	Það sem betur hefði mátt fara í undirbúningi æfingar	19
5.4.5	Það sem betur mátti fara á æfingunni	20
5.4.6	Annað sem var tekið fram	21
5.4.7	Einkunn æfingar	22

2 Frá æfingastjórn

Æfingar á Reykjavíkflugvelli eru alltaf stórar að sniðum, á höfuðborgarsvæðinu eru flestir viðbragðsaðilar Aðgerðastjórn vel mótuð og þróuð og samstaf gott. Þetta skilar sér alltaf í góðum æfingum á flugvellinum, þessi æfing var engin undantekning og unnu viðbragðsaðilar vel saman og allir þekktu sitt hlutverk. Þátttaka var góð og slysstaður krefjandi en allt leyst vel úr hendi. Dagkrá var með hefðbundnum hætti, haldin var fræðsla sem var vel sótt og skrifborðsæfing sem einnig var vel sótt. Æfingarstjórn þakkar þátttakendum fyrir góða æfingu.

Fjölmargir rýnipunktur komu fram eftir æfingunna sem er mjög mikilvægt og gott, mikilvægt er að aðilar taki það sem þeir eiga í rýni og lagi sína ferla. Isavia tekur það sem snýr að rekstri flugvallarins og áætluninni sjálfri og setur inn í sitt gæða kerfi. Það var ekkert eitt sem hægt er að draga fram að betur hefði mátt fara rýnipunktarnir snúa að ýmsum þáttum.

Júní 2023

F.h. æfingastjórnar

Friðfinnur Fr. Guðmundsson



3 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar. Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi.

Markmið æfingarinnar eru tvö:

- Að fræða viðbragðsaðila um þau málefni er tengjast flugslysum og efla þá í sínum hlutverkum sem tengjast flugslysaáætluninni.
- Að æfa flugslysaáætlun flugvallarins, samvinnu milli viðbragðsaðila og það vinnulag og ferla sem tilgreindir eru í flugslysaáætluninni.



4 Undirbúningur og framkvæmd

Undirbúningur hófst í upphafi árs þar sem samskipti eru við viðbragðsaðila og ábyrgðaraðila um dagsetningar. Mikilvægur þáttur æfinga er fræðsla þar sem lögð er áhersla á hópslysaviðbúnað og sértæka þætti flugslysa og umhverfi þeirrar flugslysaáætlunar sem um ræðir. Æfingin er einnig af þeirri stærðargráðu að gerð er handbók fyrir þátttakendur. Farið er yfir eldri æfingar og helstu rýnipunktur dregin fram með það að markmiði að læra af fyrri reynslu. Farið er yfir flugslysaáætlun flugvallarins og hún löguð til eins og þurfa þykir þar sem aðstæður gætu hafa breyst.

4.1 Fræðsluvika

Boðunarprófun var framkvæmd af 112 með venjubundnum hætti á fimmtudegi fyrir æfingu.

Fræðslan var haldin út frá eftirfarandi dagskrá í gegnum netið þetta skipulag hefur þróast í kjölfar Covid og hefur mælst fyrir og eru nú fræðslukvöldunum skipt í fjarfræðslu og staðarfræðslu. Vel var mætt fræðslu en þó aðeins misjafnt eftir efni og dögum.

4.1.1 Dagskrá Flugslysaæfingar í Reykjavík 2022

Hér má sjá yfirlit yfir fræðslu í tengslum við flugslysaæfinguna ásamt dagskrá æfingadagana, fimmtudag til laugardags.

Fræðslan er hugsuð sem stuðningur fyrir komandi æfingu og er hún ýmist aðgengileg ákveðnum einingum eða öllum þátttakendum. Fræðslan er einingum að kostnaðarlausu.

Mánudaginn 26. september

19:30-20:30 Umgengni við þyrlur – Fjarfræðsla fyrir allar viðbragðseiningar. *LHG*

20:30-21:30 Sálrænn stuðningur - Fjarfræðsla fyrir allar viðbragðseiningar. *Rauði kross Íslands*

- Kynning og helstu áherslur í sálrænum stuðning.

Þriðjudagur 27. september

19:30-20:30 Bráðaflokkun - Fjarfræðsla - fyrir alla viðbragðsaðila *LSH*

- Fræðsla fyrir alla sem koma að bráðaflokkun og umönnun slasaðra.

20:30-21:30 Fjarskipti - Fjarfræðsla - fyrir alla viðbragðsaðila *Neyðarlínan*

- Almenn um fjarskipti, fjarskiptaáætlun og fjarskiptabúnað (tækin)

Miðvikudagur 28. september

13:00-15:00 Fræðsla fyrir aðgerðastjórn (AST) AVD/FMR

Staðsetning: Skógarhlíð 14, 3. hæð Hlíð ásamt fjarfundi (boð frá stjórnanda AST).

- Verkaskipting SÁBF og á milli SST, AST og VST.
- Verkpáttastjórar og boðleiðir þeirra samkvæmt fjarskiptaáætlun.

15:00-16:00 Fræðsla fyrir gæslustjóra lögreglu AVD/FMR

Staðsetning: Skógarhlíð 14, 3. hæð Hlíð.

18:00-19:00 Kynningarfundur fyrir leikara / þolendur Vigdís Björk Umsjónaraðili leikara

Staðsetning: Húsnæði Hjálparveit skáta Reykjavík, Malarhöfða 6, 110 Reykjavík.

- Kynning á hlutverki leikara og öryggismálum varðandi æfinguna.

19:30-21:30 Förðunarnámskeið Vigdís Björk Umsjónaraðili leikara

Staðsetning: Húsnæði Hjálparsevit skáta Reykjavík, Malarhöfða 6, 110 Reykjavík.

- Ætlað þeim sem hafa áhuga á að kynna sér förðun fyrir æfingar og sérstaklega þá sem munu taka þátt í að farða leikara á flugslysaæfingunni.

Fimmtudagur 29. september

10:00 Boðunarprófun – Allir á boðunarlista 112 vegna flugslyss á flugvelli. 112

Ef þú færð ekki boð láttu talsmann þíns viðbragðshóps eða ráðgjafa vita til lagfæringar.

14:00-15:00 Heimsókn aðgerðastjórnenda á flugvöllinn – Helstu svæði áætlunar skoðuð. *Isavia*

Staðsetning: Húsnæði flugvallarþjónustu Isavia við Reykjavíkflugvöll.

19:30-22:00 Setning æfingar – Fjarfundur - Allir þátttakendur

Dagskrá:

- Setning æfingar Lögreglan
- Kynning, tilgangur flugslysaæfinga Isavia
- Flugslysaáætlun fyrir flugvöllinn og endurbætur Almannavarnir o Fjarskiptaskipulag aðgerða
- Almenn um skipulag í hópslysum (SÁBF) Isavia o Hverjir eru hvar og helstu hlutverk
- SST, AST, VST
- Verkefni RKÍ og SL á flugslysaæfingum Ráðgjafar RKÍ og SL o Hvernig nýtum við bjargir
- Flæði slasaðra, frá slysstað að sjúkrahúsi Landspítali
- Rannsókn flugslysa og verndun gagna RNSA
- Praktísk atriði í tengslum við æfinguna Isavia o Gangur æfingar
- Akstur á svæði
- Vettvangur
- Leikarar
- Alvara – Alvara – Alvara
- Við lok æfingar

Föstudagur 30. september

13:00-16:00 Skrifborðsæfing fyrir stjórnendur og verkþáttastjóra *Isavia / AVD*

Staðsetning: Húsnæði flugvallarþjónustu Isavia við Flugvallarveg.

Þeir sem taka þátt; aðgerðastjórn*, vettvangsstjórn og verkþáttastjórar.

Allir taki með tetrastöðvar og handfrjálisan búnað.

*Aðgerðastjórn er staðsett í Skógarhlíð.

Laugardagur 1. október

06:30 Förðun leikara *Vigdís Björk Umsjónaraðili leikara*

Staðsetning: Húsnæði Skátafélagsins Landnema, Háuhlíð 9, 105 Reykjavík.

09:00 Móttaka gesta/áhorfenda *Árni Birgisson Isavia*

Staðsetning: Fundarsalur í húsnæði Flugstjórnarmiðstöðvarinnar við Flugvallarveg.

10:00 Flugslysaæfing hefst – Allir þátttakendur

Fyrir æfingu verður dreift handbók á þátttakendur.

Að lokinni æfingu ganga starfseiningar frá búnaði og stjórnendur/verkþáttastjórar taka saman punkta fyrir rýnifund.

Í lok æfingar er boðið uppá hressingu fyrir alla þátttakendur á leið frá flugvelli.

13:00 Rýnifundur fyrir stjórnendur á æfingunni (sjá lista hér f. neðan)

Staðsetning: Húsnæði flugvallarþjónustu Isavia við Flugvallarveg. (Athugið er fyrr eða seinna, er í ca. beinu framhaldi þegar æfingu er lokið).

1. Almenn um/stóra myndin Æfingastjóri
2. Aðgerðarstjórn Aðgerðarstjóri

3. Vettvangsstjórn Vettvangsstjóri
4. Leit og björgun Björgunarstjóri
5. Söfnunarsvæði slasaðra Aðhlyningarstjóri
6. Lokanir/umferð/talning Gæslustjóri
7. Móttaka og flutningur Flutningastjóri
8. Aðstandendur/fjöldahjálpar Rauði krossinn
9. Umsögn ráðgjafa Ráðgjafar
10. Umræður Orðið laust
11. Næstu skref Isavia
12. Æfingu slitið Lögreglan

Aðrir þátttakendur fá sendan link á rýnikönnun að lokinni æfingu.

4.2 Æfingastjórn

Æfingastjórn var skipuð fulltrúum frá lögregluyfirvöldum á svæðinu, fulltrúum almannavarna ríkisins og Isavia.

Æfingastjóri	Elva Tryggvadóttir	Isavia
Æfingastjórn	Friðfinnur Fr. Guðmundsson	Isavia
Æfingastjórn	Halldór Hólm	Almannavarnir
Æfingastjórn	Friðjón Viðar Pálmason	Almannavarnir

4.3 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar viðbragðsaðila, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Isavia - Æfingastjóri	Elva Tryggvadóttir
Isavia - Æfingastjórn	Friðfinnur F. Guðmundsson
Isavia - Vettvangur slyss	Aðalbjörn Tryggvason
Isavia - Fræðsla f. slökkvilið	Magnús Orri Einarsson
Isavia - Upplýsingafulltrúi	Guðjón Helgason
Umsjónaraðili leikara	Vigdís Björk Agnarsdóttir
Almannavarnir - Æfingastjórn	Friðjón V. Pálmason
Almannavarnir - Æfingastjórn	Halldór Hólm Harðarson
Heilbrigðisstofnanir	Sigrún Guðný Pétursdóttir
Rauði krossinn á Íslandi	Aðalheiður Jónsdóttir
Rauði krossinn á Íslandi	Örvar Þorri Rafnsson
Slysavarnafélagið Landsbjörg	Guðbrandur Örn Arnarson
Slysavarnafélagið Landsbjörg	Karen Ósk Lárusdóttir

4.4 Þátttaka

Mjög góð þátttaka var á æfingunni, áætlað er að rúmlega 300 manns hafi tekið þátt sem gerir þessa æfingu með stærri æfingum sem við höldum.

Þátttaka í flugslysæfingu laugardaginn 1. okt

	Fjöldi fólks
Samhæfingarstöðin	10
Aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins	19
Fjarškiptamiðstöð ríkislögreglustjóra	1
Neyðarlínan	2
Björgunarsveitin Ársæll	10
Björgunarsveit Hafnarfjarðar	6
Björgunarsveitin Kjölur	3
Björgunarsveitin Kyndill	6
Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík	14
Hjálparsveit skáta Garðabæ	10
Hjálparsveit skáta Kópavogi	17
Hjálparsveit skáta Reykjavík	10
Svæðisstjórn svæði 1	6
Flugrekstrar og afgreiðsluaðilar	3
Isavia Flugturn	3
Isavia Flugvallarþjónusta	8
Kennslanefnd ríkislögreglustjóra	0
Landspítalinn	11
Rauði Kross Íslands	16
Landhelgisgæslan	0
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	30
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	10
Sjúkraflutningar	10
Rannsóknanefnd samgönguslysa	4
alls	179
Gestir	25
Leikarar	62
Ráðgjafar	17
alls	104
ALLS (án SST og AST)	283
Allir	315

4.5 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

Fokker 70, vél frá flugfélaginu Fly No More hlekkist á við landingu eftir að hafa tilkynnt um bilun, lendum sunnan við brautarenda 31. 65 persónur um borð.




4.6 Veður

Veður var með ágætum þó æfingin hafi verið seint á árinu miðað við undanfarnar æfingar.

4.7 Vettvangur

Vettvangur var austan við braut 01 á svæði frá skýli LHG og norður að braut 31. MÓT var á norðurhluta bílastæða við HR.



Frekari myndir frá æfingunni má finna á síðunni Flugslysaæfingar á Facebook.



5 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga. Rýnin er með tvennum hætti, annars vegar eru teknir rýnipunktur í kjölfar æfingar þar sem helstu verkþáttastjórar og ráðgjafar fara stuttlega yfir sína punkta. Í framhaldinu fá allir þátttakendur hlekk á rafræna rýni. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram. Rafræn rýni er tekin saman í lokaskýrslu æfingar og geta viðbragðsaðilar þá nýtt skýrsluna til eflingar styrkleika eða umbóta þar sem við á.



Mynd. Rýniferli æfinga.

5.1 Vettvangsæfing – Rýnifundur

Æfingarstjóri, Elva – Þakkar fyrir framlag allra á æfingunni sem í heildina gekk afar vel.

Halldór Hólm í SST – Mæddi ekki mikið á framkvæmdum eða fjarskiptum. Bjargir, röng áætlun fór út það var leiðrétt, loftbrú gekk vel. Veðurupplýsingakerfi Isavia gott, gott að hafa aðila frá Ícelandair. Heilt yfir gekk afar vel.

Kristján Helgi AST - Mikill undirbúningur síðustu daga og þakkar fyrir samstarfið í aðdraganda og á æfingunni.

Skrifborðsæfingin gekk ágætlega í fyrsta runni, en betur í síðara en æfingin í dag gekk afar vel. Alltaf einhverjir punktar sem betur megii fara en öll markmið náðust því ekkert annað en hrós. Samskipti við allar einingar gengu vel ekki neinir stórir hnökrar.

Ráðgjafi AST Hermann – Búið að koma AST á þann stað að það verklag er um flesta hluti, þægilegt hvað það varðar og reynsla mikil, Allir voru að bíða eftir boðum til að hefja störf á neyðarstigi, getum bætt okkur í umsýslu tölulegra upplýsinga. Hvaða tölur skipta máli og hverjar ekki.

Haraldur Flugvallarþjónusta – Stutt við stjórn, gekk vel til að byrja með að tryggja vettvanginn. Gott samstarf við Björgunarstjóra stóð sig vel.

Björgunarstjóri, Sigurður Lár – Eftir að komið var á staðin þá eru fyrstu mín erfiðastar, flugvallarþjónutan fór í sitt, bráðaflokkun hófst strax – samskiptin voru góð þó vettvangurinn væri stór var góð yfirsýn. Flæðið gekk vel. Björgunarsveitarfólkið stóð sig afar vel stilltu sér upp fyrir framan tækin sín og hópstjóri spurði hvað hann gæti gert. Tölulegar upplýsingar ekki gott að ná yfir þær í atinu. SHS átti að fara í björgunarvinnu en fór í slökkvistörf voru ekki með öndunarbúnað verður

skoðað. RNSA fór inn á lokaðan vettvang

Aðalbjörgn, Isavia – ráðgjafi Bjst afar góð samvinna á vettvangi. Margt sem þarf að laga en afar margt gott. Flutningur slasaðra á kerru ekki í lagi, hlutverk okkar líka að tryggja vettvang. Dýpri rýni kemur síðar en ánægður með það sem hann sá.

Hörður gæslustjóri. - Beðið eftir að æfingin mundi hefjast, allt gekk vel. Fannst vanta að björgunarsveitirnar gæfu sig fram við réttan stjórnanda, vissu ekki hver tilheyrði sér og hver öðrum stjórnendum. Þarf líka að passa fólk sem er í baklandi ef það fer of nærri, RNSA – inn á SLY án samráðs. Icelandair vildi frá aðgang að áhöfn, svo ýmislegt sem þurfti að vinna með. Vantaði bjargir eins og oft og kannski eðlilegt, fannst ganga afar vel allir sáttir.

Friðjón ráðgjafi gæslustjóra – tók eftir að það var mikil erill í fjarskiptunum, þegar búið er að biðja um bjargir vissi gæslustjóri ekki hvaða hópur var að koma til hans.

Elva um öryggismál og eðlilegt að draga fólk til baka ef það er að ganga of langt.

Hlynur flutningastjóri – Frímenn var með honum samstarfið gekk afar vel. Byrjuðum á mót Skipuðu stjórnanda á MÓT og fóru inn á svæðið til að fylgja eftir flutningum af SLY á SSS, vantaði bjargir rétt að hefði mátt vera skýrari með við hópa hver færir hvert. Skipuðu hleðslustjóra sitthvoru megin við SSS gekk afar vel. (til eftirbreytni)

Guðbrandur, ráðgjafi flutningarstjóra -. Ferli og flæði MÓT kannski ekki á góðum stað bílastæðið gæti verið fullt. (MÓT á ekki að vera þarna í raun) Flutningastjóri á að vera hreyfanlegur eftir þörfum flott að skipa stjórnanda á MÓT, afar góð stjórnun hjá flutningastjóra og að hafa elt fæðið var mjög gott. 4 í teyminu mjög góð hugmynd.

Unnar Vettvangsstjóri – Þakkar fyrir sig. Stoltur af hópnum. Tóku hluta bjsv inn á vettvanginn svo síðari bylgju inn í gegnum mót. Flæðið því afar gott. Heilt yfir því mjög gott en auðvitað einhverjir hnökra eins og alltaf.

Halldór ráðgjafi VST. - 10 í einkunn, góð staðsetning VST bíls góð yfirsýn SLY og aðkomu á SSS, innanhús í VST gott skipulag Vettvangsstjóri með góða yfirsýn og festist ekki í verkefnum. Reglulegir stöðufundir við AST.

Inger og Greta aðhlyningarstjórnar. - Áhugavert og skemmtilegt, gekk vel í heildina. Aðeins týndar á MÓT vissu ekki hvort boðun hefði farið fram. Legni að setja upp svæðið. Bekkirnir voru allir í kössum því þurfti að setja þetta allt saman. Ákveðið að grænir væru á verkstæðinu gekk ágætlega ástæðan að leiða þá ekki í gegnum rauða og gula svæðið, einusinni var óskað eftir tölu um svarta sem voru upplýsingar sem ekki fengjust. Voru faliðuð en fengu afar gott fólk úr björgunarsveitunum hefðu átt að biðja um heilbrigðismenntað björgunarsveitarfólk. Afar gott að vera með hleðslustjóra. Tregt að koma fólk í bíla til að koma á heilbrigðisstofnun en hefði alveg verið hægt að nota önnur tæki. Mætti vera meira visuallt stöðu slasaðra og hvert þær að fara.

Sigrún ráðgjafi aðhlyningarstjóri. - Gekk afar vel, skiptu verkum sem virkaði vel. Flugvallarþjónusta stax í að setja upp svæði, keyrðu upp hitann. Allar stöður mannaðar flæðið var rosalega hratt sjaldan að sjá slíkt á svona stórrí æfingu, skjótar ákvarðanatökur um hver færir hvert. Það þurfa að vera töflur á hverju svæði til að fá yfirsýn á vegg. Það þarf að koma til skila að björgunarsveitarfólki með þekkingu í heilbrigðisgeiranum komi SSS

Aron Rauði krossinn - setur spurningamerki um staðsetningu á græna svæðinu, einnig kalt þar sem þau sátu við stóra opna hurð, skilur hugmyndina en þurfum að skoða. Vantaði upplýsingar um hvernig ætti að koma sér frá MÓT inn á SSS. Áhafnir voru komnir saman við aðra, því var komið

áleiðis og úr því leyst. Álfheiður opnuðu ekki SSA vantaði mannskap, það yrði afar stór þáttur í raun og spurning með staðsetningu SSA svona langt í burtu.

Stephanie Icelandair – voru að keyra sitt kerfi samhliða. Þau voru að fara eftir sinni áætlun. Ánægð að heyra að áhöfn var tekin frá á SSS. Þau reyni alltaf að ná sambandi við áhöfn, héldu að sinn maður væri í AST en endaði í SST. Ánægð að fá að taka þátt.

Sigrún – gott innlegg úr AST að verið var að reyna að ná í skurðlækna í veiðiferð.

SSA- spurt hvar það væri, ákveðið í hvert sinn út frá aðstæðum en ekki nærri vettvangi. Verið að breyta í FFR

Binni SHS. – MÓT stjórnandi og hleðslustjórar settir inn í áætlunina undir flutningastjóra. Hvar og hvernig höldum við utan um flutninga af SSS, einhver staður sem á að halda utan um þessi tæki, sérstaklega ef þeir eru að fara lengra til. Hugsanlega ættu þeir að heyra undir AST þar sem þeir eru komnir utan vettvangs.

Viðar – afa ánægður með vinnu í AST Samvinnan afar góð og einkennisorð Isavia í hávegum höfð

Elva hlakkar til að fá endur gjöf allra.

Halla lögreglustjóri þakkar fyrir samvinnuna undirbúninginn og þátttökuna. Æfingin flott, auðvitað alltaf eitthvað sem kemur upp sem er ástæða þess að við erum að æfa.

5.2 Vettvangsrýni ráðgjafa

Ráðgjafar skila inn rafrænni rýni að lokinni æfingu.

Friðjón Pálmason – Almanavarnir

Hvað gekk vel í aðdraganda/undirbúningi æfingar

Allt gekk vel

Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi/aðdraganda æfingar

Auka rafræna kynningu

Hvað gekk vel á æfingunni

Allt

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni

Gott

Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri

Hermann Karlsson - Almanavarnir

Hvað gekk vel í aðdraganda/undirbúningi æfingar

Var ekki var við annað en að fræðsla og kynning fyrir þátttakendur fyrir æfinguna hafi verið góðum og skipulögðum hætti.

Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi/aðdraganda æfingar

Ekkert að minni hálfu

Hvað gekk vel á æfingunni

AST á Höfuðborgarsvæðinu er mjög vel í stakk búinn til að takast á við verkefni sem þessi og rúmmar mjög vel þann fjölda sem þarf að geta sinnt sínum störfum þar. AST er skipulega séð vel sett upp og aðgengi hvers fulltrúa gott og hver viðbragðseining með sín skilgreindu borð með tilliti til verkefna hverju sinni.

Stöðin er vel búin tækjum, búnaði og skjám til að vinna með upplýsingar sem og að taka á móti streymisgögnum sem tengist verkefnum hverju sinni og að eiga samskipti, s.s. við SST og VST.

Ljóst var að allir sem að stöfum í AST komu voru vel undirbúnir og með það stóra markmið að gera vel þó svo að sumir væru ekki með mikla reynslu á þessum starfsvettvangi.

Líkt og áður kom vel í ljós hvað skrifborðsæfingar skipta miklu máli til að samstillta viðbragðsaðila og taka mesta skjálftann úr fólki til að eiga góð samskipti og þekkja sín hlutverk, kom t.d vel í ljós hve seinni skrifborðsæfingin gekk mun betur en sú fyrri.

Aðgerðastjórinn, Kristján Helgi, var í mjög góðum samskiptum við alla sem voru í AST og þá sérstaklega verkþáttastjórana yfir framkvæmdum, björgum og áætlunum. Kristján hélt stöðufundi með sinni áhöfn sem og VST á raunæfingunni til að tryggja yfirsýnina og náði því vel að mínu mati. Kristján hafði sérstaklega orð á því að vera ekki íþyngjandi fyrir VST heldur að vera í þjónustuhlutverki og samhæfingu innan umdæmis og fóst það verk vel úr hendi.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni

Störf innan AST gengu mjög vel fyrir sig en það sem mætti huga betur að er upplýsingataflan fyrir þolendur, þ.e. græna, gula, rauða og svarta. Hún er á mjög góðum stað fyrir alla til að sjá á hana en setja þyrfti hana betur upp með tilliti til þess að sá sem á hana ritar geti gert það með betri hætt hvað varðar þær tölur sem unnið er með, þ.e. inn og út af SSS.

Í verkefnum sem þessum er mörgum tölum kastað í loftið af ýmsum tilefnum og af ýmsum aðilum en lyklatríðið er að aðgengi að tölum frá gæslustjóra er varðar talningu inn og út af SSS sé með réttum hætti og skilvirkt, vantaði aðeins uppá það.

Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri

Eins og fyrr greinir er AST á Höfuðborgarsvæðinu ein sú best upp setta á landinu til að takast á við verkefni sem þessi en það er líka áskorun að láta hana virka sem skildi og viðhalda þekkingu og fræðslu til þeirra sem þar eru í áhöfn. Áfram gakk :)

Ólafur Bragi Jónsson- Isavia

Hvað gekk vel í aðdraganda/undirbúningi æfingar

Allt af ofan töldu og góð samvinna hópsins hvað menn vildu gera

Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi/aðdraganda æfingar

stapillari veðursþá :) annars var ég nokkuð sáttur var svona hálfgerður nýliði í þessu en annars hefði kannski mátt búið að fara yfir að finna brenniefni til notkunar á æfingunni

Hvað gekk vel á æfingunni

Samvinna starfsfólks um að gera æfinguna sem besta

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni

Ég hef ekkert í mínum vasa til að finna eitthvað sérstaklega að henni

Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri

Bara takk fyrir að fá að taka þátt og njóta þess að fá að taka þátt í þessari upplifun

Vigdís Björk Agnarsdóttir-Isavia

Hvað gekk vel í aðdraganda/undirbúningi æfingar

Ágætlega gekk að safna leikurum, óskuðum eftir nýliðum frá björgunarsveitum til að hafa breiðara aldursbil í leikarahópnum. Fengum töluvert af fólki úr nýliðahópum sveitanna sem voru fullorðnir. Það hjálpar alltaf að vera með blandaðan aldurshóp. Notuðum Google forms til að láta fólk skrá sig, það virkaði fínt.

Leikarakynning gekk vel, gott að vera í húsnæði HSSR þar sem það er miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Förðunarnámskeið sem haldið var strax eftir leikarakynningu var ekki vel sótt en þau sem komu stóðu sig vel í förðuninni.

Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi/aðdraganda æfingar

Fundir og fræðsla gekk vel.

Hvað gekk vel á æfingunni

Ég fékk greinargóða lýsingu á vettvangi og teikningu fyrir æfingu og gott skipulag var á skiptingu leikara eftir stöðum á vettvangi. Það gekk frekar hratt og vel fyrir sig að koma leikurum á sinn stað. Leikarar stóðu sig með eindæmum vel og ekkert var um kvartanir yfir kulda eða óþægindum á æfingunni.

Marmið var sett að hafa alla leikara tilbúna klukkan 9:15 til að hægt væri að byrja flutning leikara á vettvang. Fara þurfti 2 ferðir með einn strætó (frá SHS). Þetta tókst og allri förðun var lokið klukkan 9:15.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni

Úthlutun áverkalýsinga og staðsetning sjúklinga hefði mátt ganga hraðar fyrir sig. En gekk samt upp að lokum.

Bílstjóri rútunnar frá SHS skildi alla leikarana í fyrri ferðinni eftir við slökkvistöðina og keyrði þau ekki á þann stað sem þau áttu að vera.

Þar sem öryggi leikara er okkar aðalmál leist okkur illa á þegar farið var að flytja sjúklinga á börum á opinni kerru með engan fylgdarmann á kerrunni. Einnig var keyrt frekar greitt í upphafi. Þetta var ávarpað við hlutaðeigandi og lagað.

Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri

Við fengum 56 leikara á þessa æfingu, 7 einstaklingar sáu um förðun. 12 einstaklingar sáu um eftirlit með leikurum. Við fengum inni í skátaheimili Landnema að Háuhlíð 9 fyrir leikaramiðstöð. Kannski ekki stærsta húsnæðið en slapp vel. Einstaklega vel tekið á móti okkur þar.

Aðalbjörn Tryggvason-Isavia

Hvað gekk vel í aðdraganda/undirbúningi æfingar

Gekk ekki vel að ná sambandi við Isavia Rvk

Með bila og tæki fyrir æfingu

En þegar við mættum gekk allt vel og for æfing vel fram

Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi/aðdraganda æfingar

Betri teingilið en við erum kominn með hann i dag

Hvað gekk vel á æfingunni

Björgunarstjóri Isavia og björgunarstjóri slökkviliðs náðu vel saman

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni

Samvinna a milli Isavia og slökkvilið

Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri

Álfheiður Svana Kristjánsdóttir- Rauði krossinn

Hvað gekk vel í aðdraganda/undirbúningi æfingar

Vel smurt að mínu mati. Gott fyrirkomulag að geta verið í fræðslu og umræðu á netinu en haft möguleikann á að skoða eftir á ef þarf

Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi/aðdraganda æfingar

Sakna þess aðeins að hafa ekki setninguna á staðnum

Hvað gekk vel á æfingunni

Mikilvægt hve margir sjúklingar fengust til að sjá flæðið betur. Sjúkraflutningamaður var á SSS og er það mjög mikilvægt þar sem ástand sjúklinga getur breyst snögglega.

Góð umfjöllun um æfinguna í fjölmiðlum

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni

Staðsetning SSS slæm eins og fram kom á rýnifundi

Of mikið rennerí af fólki sem hafði ekki hlutverk. Fjöldi gesta var mikill og hópurinn risastór. Þarf að spá vel í tilgang hvers og eins.

Huga þarf vel að og skipuleggja betur söfnunarsvæði aðstandenda, viðbragð í afgreiðslu flugvallar þegar aðstandendur koma þangað, söfnunarsvæði aðstandenda áhafnar og þá flugmanna sér. Þetta er afar mikilvægt þegar á reynir og þarf að mínu mati að vera kýr skýrt.

Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri

Þið standið ykkur frábærlega!

Erla Káradóttir- Isavia

Hvað gekk vel í aðdraganda/undirbúningi æfingar

Fannst þetta ganga mjög vel og gaman að fá að taka þátt

Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi/aðdraganda æfingar

Kannski að nota talstöðvasamskipti eins og Friðfinnur benti á, sem gekk jú betur á seinni borðæfingunni. Annað að hafa kyndla til að kveik upp í bílunum úti á vettvangi.

Hvað gekk vel á æfingunni

Æfingin gekk bara ágætlega kláraðist fyrir rest :)

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni

Reykköfunartæki ættu að vera notuð alltaf hvort sem fólk er á útkallsbíl eða ekki . Að tryggja vettvanginn áður en björgunarsveitafólki var hleypt inn á vettvanginn. Það var ekki búið að slökkva eldana þegar fólk var komið inn á vettvanginn í bráðaflokkun og leit. Festa Fes bíl sem rafstöð sem var en þá hálffullur af vatni fannst mér ekki rétt þegar eldar loguðu á mörgum stöðum og aðrir bílar orðnir vatnslausir .

Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri

Já stígvélinn sem Isavia skaffar okkur eru hræðileg nuddsár og mjög óþægileg. Það á kannski ekki við að segja þetta hér en læt það flakka

Halldór Hólm Harðarson - Almannavarnir

Hvað gekk vel í aðdraganda/undirbúningi æfingar

Ég held að AST og VST kynning hafi gert fólki gott til undirbúnings. Þá fannst mér fræðslan frá LHG og Tetra mjög góð.

Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi/aðdraganda æfingar

Hvað gekk vel á æfingunni

Samskipti á Tetra mjög góð og vettvangsstjóri og hans fólk fylgdist vel með ef það þyrfti að splitta upp talhópum.

Þá voru þeir mjög virkir að skrá í aðgerðargrunn.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni

Eins og kom frá á rýnifundinum að þá var vettvangsstjóri að mínu mati óþarflega duglegur að kalla eftir nákvæmum tölum slasaðra frá björgunarstjóra, en ástæðan var kannski helst að AST var ítrekað að kalla eftir nákvæmum tölum.

Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri

Frábær æfing, góð mæting og allir áhugasamir. Frábært að SAK vildi vera all-in í þessu.

Örvar Þ. Rafnsson – Rauði krossinn

Hvað gekk vel í aðdraganda/undirbúningi æfingar

Undirbúningur gekk mjög vel.

Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi/aðdraganda æfingar

Undirbúningur gekk ágætlega, ekkert sérstakt athugavert.

Hvað gekk vel á æfingunni

Gekk vel svo best sem ég veit en ég var í AST.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni

Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri

Nei, æfingin gekk held ég mjög vel.

5.3 Rýni meðal leikara

Rætt var við leikara að lokinni æfingu hvernig þeim fannst til takast. Þeir voru ánægðir með meðferð og flutning auk þess sem þeim fannst gaman að taka þátt. Góð veðurskilyrði gerðu það að verkum að einhverjum var mjög heitt á tímabilinu en ekkert alvarlegt.

Hvað fannst þér jákvætt við æfinguna:

Leikarar upplifðu æfinguna með jákvæðum augum, fannst gaman og fróðlegt að taka þátt

Hvað fannst þér ábótavant við æfinguna:

Helstu athugasemdir leikara á æfingunni var að þeim var ekki sinnt í samræmi við áverka sína, einum leikara fannst björgunaraðilar ekki taka þessu alvarlega og að skrifa mætti meira um hlutverk áhafnar. Læknir á SSS var æðislegur.

5.4 Rafræn rýni – allir þátttakendur

Rýni fór á alla þátttakendur rafrænt og má sjá niðurstöður hennar hér að neðan. Niðurstöður rýni fara til úrlausna hjá einstaka viðbragðsaðilum eftir því sem við á.

Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir eins og skilað var inn í rýni, með því er tryggt að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem ekkert, hef ekki skoðun o.s.frv.


Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar saman taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum að gera slíkt.

5.4.1 Hverjir tóku þátt í rýni

39 viðbragðsaðilar tóku þátt í rýni æfingar sem ágætis hlutfall en mætti vera meira.

Mynd af hvaða úrlausnaraðila fólk tilheyrir.

Neyðarlínan 112	0
Lögregla	14
Isavia Flugvallarþjónusta	6
Isavia Flugturn	0
Slökkvilið	2
Sjúkraflutningar	1
Heilbrigðisþjónusta	0
Svæðisstjórn björgunarsveita	1
Björgunarsveit	11
Rauði krossinn	1
Landhelgisgæslan	0
Rannsóknarnefnd samgönguslysa	0
Flugrekstrar- og / eða þjónustua...	3
Other	0



5.4.2 Það sem vel var gert í undirbúningi æfingar

- Fræðsla og fundir til fyrirmyndar.
- Fyrirlestrar, dagskrá
- Allt gekk smurt.
- Við fengum senda handbók þátttakenda fyrir æfinguna svo við gátum farið vel yfir áætlunina fyrir æfinguna. Það hittust allir frá okkur 2 klst fyrir æfinguna sem var nægur tími til að undirbúa okkur.
- Frábær fræðsla hjá Árna
- Borðæfingin var vel heppnuð og fræðandi.
- Öll fræðsla almennt var mjög góð
- Flottur undirbúningur, frábært að sjá alla fræðslufundina sem í boði voru og upplýsingaflæði fyrir æfingu uppá 100
- Fræðslan gekk vel og fólk almennt tilbúið til þess að fræðast.
- Góðir fundir (borðæfingar hjá okkur). Gott upplýsingaflæði.
- Gekk mjög vel, skipulag og framkvæmd
- Mjög vel, sóttum marga fræðslufundi og efni þeirra nýttist vel.
- Var búin að fá upplýsingar um að fræðslan væri tekin upp og hefði viljað fá þá fræðslu fyrir æfinguna, en er ekki aðgengileg enn þá.

- Mjög vel haldið utan um undirbúning fyrir æfinguna, með fundum og fræðslu. Allir sem mættu í AST voru með hlutverk sitt á hreinu.
- Ánægður með undirbúninginn, bæði teams fundur og síðar skrifborðsæfing í Skógarhlíð.
- Góð fræðsla og góður undirbúningur
- Gott úrval fræðsluerinda.
- Ég vissi mitt hlutverk og hvers var ætlað af mér með góðum fyrirvara.
- fræðsla, fyrirlestrar og skrifborðsæfingin var frábær og mjög mikilvæg
- Það var mjög gott og nauðsynlegt að taka skrifborðsæfingu fyrir þessa æfingu. Einnig það að sjá aðstöðuna (SSS)
- Vel útskýrt hvert hlutverk mitt var.
- Skipulagið allt til fyrirmyndar
- Á heildina litið var undirbúningur góður. Ég kom reyndar að þessu alveg í blá lokin og hef því ekki allar forsendur.
- Það gekk vel að fá förðun og það var útskýrt fyrir hverjum og einum hvernig þetta átti að vera framkvæmt, sem mér fannst bara nokkuð þægilegt.
- Undirbúningur gekk nokkuð vel en ég saknaði þess að geta ekki hlustað á fyrirlestra sem haldnir voru á temas síðar þ.e. að þeir hafi verið teknir upp. Það eru nefnilega ekki allir í dagvinnu.

5.4.3 Það sem vel var gert í framkvæmd/úrlausn æfingar

- Fjarskipti og skipulag til fyrirmyndar
- Smurt
- Bráðaflokkun: Gekk vel í heild sinni frá mínu sjónarhorni. Við fengum björgunarsveitarmenn til að aðstoða við bráðaflokkun sem var mjög gott.
- Eftir bráðaflokkun þurfti að flytja sjúklingana. Heilt á litið þá gekk það vel. Björgunarsveitarbíllarnir nýttust betur en sjúkrabíllarnir vegna fjölda sjúklinga og voru bílstjórar bjsv bílana duglegir að bjóða fram sína bíla. Samskipti tengd flutningum sjúklingana fóru að mestu fram munnlega án talstöðvanna og voru góð og skýr að mestu leyti.
- Eftir það tók við brottflutingur af SSS þar sem ég var paraður við heilbrigðismenntaðan bjsv mann. Það gerði okkur kleift að dreifa SHS fólki sem best. Það tók stuttan tíma að fá upplýsingar um hvaða sjúkling ætti að flytja af SSS og einnig voru þau fljót að skrá sj. út af SSS á viðeigandi hátt.
- Leikarar og æfingastjórn stóðu sig mjög vel.
- Ótrúlega við skipulögð æfing, magnað að sjá samhæfinguna.
- Árás á elda.
- Hraðann á greiningu
- Flæðið var frábært milli SLY og SSS og frá SSS að heilbrigðisstofnun
- Boðunin gekk vel. Framgangur æfingarinnar gekk vel. Æfingin kláraðist á góðum tíma. Við í stjórnstöð flugfélagsins keyrðum okkar æfingu samhliða og fengum einhverjar upplýsingar frá stóru æfingunni, sem gekk vel í þetta skiptið. Upplýsingar um farþega og áhöfn bárust frá SST.
- Frá mínum bæjardyrum séð gekk öllum einingum heilt yfir vel. Góð samvinna hjá flugvallarslökkviliði og SHS.
- Flæði gott, og stjórnun og samvinna á mínum stað (vettvangsstjórn góð).
- Mannskapurinn virtist vel agaður og vann vel saman, allir á sömu línu.
- Æfingin gekk mjög vel bæði út frá AST og VST að mínu mati.

- Mjög flott æfing og mjög flott aðstaða í AST
- Samheldni viðbragðsaðila var virkilega góð. Fólk var komið saman til að leysa verkefni. Í AST var mjög gott hljóð og fólk rólegt og vann sína vinnu mjög vel.
- Það komu upp hnökrar, en þeir eru til að læra af. Fannst þetta góð æfing.
- Kynna SST fyrir nýju fólki.
- Minn hluti, að stýra umferð slasaðra frá SSS, gekk vel og einnig samskipti við hleðslustjórnann. Veit ekki betur en að annað hafi gengið vel.
- samskipti, samstarf milli ólíkra eininga allir hjálpuðust að.
- Þar sem ég var staðsettur (græna svæðinu) gekk flest allt mjög vel. flæði, samskipti við aðhlyningarstjóra voru skýr og það gekk mjög vel að uppfæra þá sem sáu um flutningana af svæðinu
- Talstöðvarsamskipti með besta móti.
- Tryggja svæði og hlutverk gekk vel
- Samskipti gengu vel fyrir sig, auk einstakra verkhluta í gæslustjórn.
- Mér fannst æfingin ganga mjög vel. Upplifði aldrei að þetta væri að fara úr böndunum.
- Mér fannst björgunarsveitafólkið vinna faglega við björgun og aðstandendur við SSS koma vel fram.

5.4.4 Það sem betur hefði mátt fara í undirbúningi æfingar

- Handbókin hefði mátt koma fyrr.
- Upptökur aðgengilegar
- Ég komst ekki á teams fræðslufundina vegna vinnu og sá ekki neins staðar hvort þeir hefðu verið teknir upp svo ég missti alveg af fræðslunni.
- Hefði verið gott að hafa upptökur klárar fyrir byrjun æfingar
- Tók eftir því að sumir gestir voru smá að flakka um.
- Mætti vera meiri undirbúningur innan eininga.
- Hefði mátt einfalda eða gera fjarskipta blaðið auðveldari til að skilja
- Það hefði verið fínt að vita að æfingin hefði engin áhrif á flugstöðina.
- Undirbúningur góður og vel skipulagður, hefði viljað sjá meiri mætingu og áhuga hjá Flugvallarþjónustu Isavia.
- Linkar á þá fræðslu sem var í boði hefðu mátt koma fyrr inn, svo að þeir sem voru að taka þátt hefðu getað hlustað. Spurning hvort að mætti dreifa fræðslunni á fleiri daga en bara síðustu vikuna á undan æfingunni.
- Það hefði mátt taka fleiri skrifborðsæfingar.
- SHS vann sér pakka fyrir æfinguna sem var fínn, hefði verið gott að eiga meira efni um SÁBF til að lesa og fræðast um.
- Líklega flestir fletir coveraðir. Lögregla undirbjó sig vel.
- Upplýsa um hvað ætti að gera ef að t.d. alvöru fjölmiðlamenn eða aðrir sem ættu erindi á æfinguna mundu mæta og hvert ætti að vísa þeim.
- Hefði mátt tilkynna fræðsluna sem var á mán & þri með meiri fyrirvara.
- Hefði einnig verið gott að prófa að setja upp bedda til þess að spara tíma í æfingunni ;)
- Vera aðgengilegt á netinu en ekki bara streymi
- Fræðsla
- Á heildina litið var undirbúningur góður. Ég kom reyndar að þessu alveg í blá lokin og hef því ekki allar forsendur.

- Það eina sem ég skildi ekki var þegar ég mætti þá beið ég í klukkutíma eða svo. Kannski hefði þá ekki verið nauðsyn að mæta klukkan 6:30.
- Taka upp fræðsluna handa þeim sem eru í vaktavinnu.

5.4.5 Það sem betur mátti fara á æfingunni

- Ekkert briefing eftir á fyrir SLY
- Hefði mátt hafa fleiri bílstjóra t.d. Á pallbílum.
- Bráðaflokkun: Spjaldið til að merkja hversu marga rauða/gula/græna þoldi illa bleytuna og rokið. Það krumpaðist fljótt og rifnaði.
- Sjúkraflutningar SLY-SSS: Það kom bjsv bíll með kerru fyrir liggjandi sjúklinga. Við komum tveimur liggjandi í börum á kerruna en enginn var hjá þeim þar. Bíllinn var á augljóslega hólóttum slóða sem virðist hafa verið græjaður fyrir stuttu síðan. Ökumaður bílsins keyrði hratt af stað með þeim afleiðingum að kerran stökk til og hefði getað farið mjög illa. Hugmyndin að nota kerru til flutninga var góð en framkvæmdin var mjög hættuleg.
- Það hefði verið gott að merkja bjsv gallana til dæmis með patch(WFR/EMT) til að auðvelda stjórnendum að finna sérhæft menntað fólk.
- Útdeiling talhópa, var beðinn um að tilkynna mætingu á mót á talhóp útkall, sem og gerði en fékk ekki frekari fyrirmæli um hvaða talhóp ég ætti að fara á, var með aðra stöð á hlustun B1-0 og því reddaðist þetta
- Það þarf að bæta samvinnu milli SHS og flugvallarþjónustu. Óskandi væri að fá að taka æfingu með þeim nokkur skipti yfir árið.
- Fleiri björgunarmenn í flutning á SSS og skýrari fjarskipta hópar. T.d senda í SMS tal hópa fyrir hverja og eina stöð
- Við sendum okkar fulltrúa í AST en þeim var beint í SST, sem okkur þótti skrýtið. Hefði ekki verið rétt að senda einn í AST og hinn í SST? Og varðandi SST, eigum við að hafa fulltrúa þar? Í áætluninni er mikið tala um AST en ekki SST. Væri gott að ræða þetta atriði og skýra.
- SST var að senda út fjölmiðlatilkynningar allan tímann sem væri hlutverk AST og vorum við með upplýsingafulltrúa á staðnum sem sá um það.
- Það hefði mátt kynna alla til leiks sem voru í AST.
- SST var að vinna nokkur verkefni sem AST ætti að gera, sem þarf að lagfæra, þar sem fólk var að vinna að sama verkefninu sem felur í sér tíma sem gæti farið í annað. Þetta þarf að slípa betur. Opnun söfnunarsvæðis aðstandenda er í höndum AST ekki SST, eins að gefa ekki út upplýsingar til fjölmiðla varðandi aðstandendur sem AST er ekki upplýst um, líkt og um opnun söfnunarsvæðis aðstandenda og Hjálparsímans 1717.
- Af augljósum ástæðum var mikið af gestum” sem voru að valsa um svæðið sem þurfti að horfa fram hjá. Annars flott æfing sem tókst vel til.
- Að það væri fyrir fram ákveðið hvaða leið sjúkrabílar og önnur flutningstæki kæmu að SSS og hvar þær færu út aftur. Þetta þarf að vera einstefna til að koma í veg fyrir umferðarteppu.
- Að allir væri meðvitaðir á hvaða rás þeir ættu að vera í byrjun og að verkefnið yrði kallað út þar svo maður vissi hvenær æfingin væri formlega hafin.
- Það voru of fáir hjúkrunarfræðingar að greina eftir að komið var inn með sjúklingana, þessi eini hjúkrunarfræðingur sem var þar með 10 björgunarsveitarmenn var of lítið, þar sem hún náði ekki að stjórna flæði og sinna slösuðum. Væri mögulega sniðugt að lögregla tæki að sér stjórn á flæði slasaðra inn á greiningarborðin og meira að stjórna hvert hver ætti að fara eftir að hafa verið flokkaður rauður/gulur/grænn.
- Vorum svolítið lengi að leita að MÓT.

- Ég var stödd í græna svæðinu en mér fannst erfitt að sjá hverjir voru lækir/aðrir heilbrigðisstarfsmenn.
- Inngangur inn á SSS og Græna svæðið var sá sami, það hefði mátt vera betri umferðastýring þar þar sem það þurfti heila manneskju í að passa að þeir sem voru bráðaflokkaðir grænir færu fyrst í áverkamat og síðan inn á græna svæðið.
- Raunverulegri og meira hætta að öryggi
- Upphaf æfingarinnar var óljóst. Kom aldrei eiginlegt útkall fyrir lögreglu á blár 1-0.
- Vantaði meiri mannskap frá SHS. Því miður hitti þessi æfing á dag þar sem mestu skipulagsbreytingar voru í gangi hjá SHS síðan 2000.
- Samhæfing og að viðbragðsaðilar létu ekki eins og þetta væri plat
- Fljótari að byrja og meira þælt í áverkum heldur en bara lífsmörkum
- Finna betri stað fyrir lík en þar sem ég lést á æfingu, en ég sat ásamt hinum sjúklingunum og var oft misskilinn fyrir grænan í stað svarta.
- Boðun viðbragðsaðila í talstöðvar misfórst.

5.4.6 Annað sem var tekið fram

- Ég þakka fyrir flotta og vel skipulagða æfingu.
 - Fá fjölbreyttari hóp sjúklinga næst? Flestir áttu að vera fullorðnir og ég tók eftir einu barni. Væri gott að fá yngri og eldri sjúklinga til að reyna betur á þátttakendur.
 - Þetta bara gekk eins og í sögu frá mínum bæjardyrum séð, hrós til allra.
 - Takk fyrir mig!
 - Mjög faglega staðið að öllu á æfingunni af hálfu æfingastjórn og annara aðila sem settu upp æfinguna.
 - Allir stóðu sig eins og hetjur og eiga gott klapp á bakið skilið
 - Mér fannst athyglivert að sjá kerru nýttta í flutning slasaðra þegar úti stóðu tómir sjúkrabílar og ónýttir björgunarsveitarbílar með enga áhöfn.
 - Fékk að heyra frá umsjónarmanni leikara að enginn björgunaraðili var í kerrunni með sjúklingum til að hafa yfirsýn yfir hvað er að gerast með þessa kerru í eftirdragi
 - Þetta er eitthvað sem að ég vill ekki sjá aftur nema í allra brýnustu neyð.
 - Algjörlega nauðsynlegar æfingar. Við erum mjög þakklát fyrir þær.
 - Flott að geta æft með öllum viðbragðsaðilum
 - Mjög þörf og góð æfing - gott að kíkja yfir æfingun, hvað má laga en megum ekki gleyma að horfa á stóru myndina
 - Mjög flott æfing.
 - Takk fyrir skipulagið.
 - Ég var í Björgum, frekar rólegt á þeirri stöð þar sem allar bjargir voru þegar komnar á MÓT. Ég veit að þegar eitthvað gerist í raunveruleikanum verður mun meira að gera í Björgum.
 - Nauðsynleg æfing og mætti vera örari.
-
- Frábær æfing og lærði mjög mikið, vonast bara til að fá að taka aftur þátt eftir 4 ár. virkilega flott æfing.
 - Hefði einnig verið frábært að fá fleiri leikara sem voru þá að leika aðstandendur slasaðra og þannig.

- Fékk boð í síma mjög seint; kl. 10:40.
- Á græna svæðinu myndast tími til að taka niður Nafn og Kennitölu þolendum, við gerðum það jafnóðum og fólk kom inn á græna svæðið. Þá getur sá sem er yfir haft betri yfirsýn á fólkinu inn á svæðinu og komið þessum upplýsingum til svæðisstjórnar sem getur þá sett nafn og kt inn í einhvern database til að hafa betri yfirsýn yfir þolendur og stemmað af við farþegalista td. og einnig gætu td. ættingjar og vinir sem eru að spyrjast fyrir fengið að vita fyrir hvort þeirra fólk sé grænt. Þetta fyrirkomulag gæti einnig virkað fyrir gula að einhverju leiti. Við vorum með þessar upplýsingar um alla á græna svæðinu, en það var bara á blaði og í vasabók og komst einhvern veginn aldrei til skila. Ég legg því til að á græna svæðinu, verði til taks græn hálsbönd með lamineruðum miða sem eru númeramerktir (til að einfalda talningu á svæðinu), útfyllingar lína fyrir Nafn og fyrir Kennitölu. Þegar einhver kemur inn á græna svæðið er hægt að taka 20 sek í að fylla inn með Sharpie á þennan miða, nafn og kennitölu, (jafnvel bráðaflokkunarspjalds númerið ef það hjálpar) setja síðan um hálsinn á grænum þannig að þá er hægt að sjá strax hver viðkomandi er. svo væri bara að taka mynd af þessum miða jafnóðum og senda inn í aðgerðagrunn eða einhvern annan gáfulegan stað þar sem hægt er að taka þetta saman í eitt skjal. (Guðmundur Örn Magnússon, HSSK)
- Æfingin virtist byggja á óskhyggju en ekki raunveruleikanum, meira að ríka í boxið en að tryggja að allir væru tilbúnir að sinna sýnu þegar raunverulegt stórt flugslys verður.
- Ánægjulegt að sjá hlutatryggt svæðið
- Árangurinn mikill.
- Samstarf á milli björgunaraðila gekk vel fyrir sig og er nauðsynlegt að æfa þetta SÁBF verklag reglulega til þess að hver og einn þekki sitt hlutverk.
- Virkilega gaman að taka þátt í þessu og allir eiga hrós skilið, sama frá hvaða viðbragðsaðila þeir tilheyra.
- Bara ofboðslega skemmtilegt og fræðandi dagur fyrir nýliða.
- Fulltrúar flugrekenda mættu í Skógarhlíð á réttum tíma til þess að taka þátt í æfingunni. Í stað þess að vera vísað í AST voru þau bæði send í SST þar sem þau voru alla æfinguna. Þau höfðu reyndar nóg að gera og unnu öll þau verkefni sem þau hefðu annars unnið í AST. Spurningin er hins vegar, af hverju var þeim vísað í SST en ekki AST? Samkvæmt áætluninni hefur flugrekandi ekkert hlutverk í SST. SST er eingöngu hugsuð við aðstoð við AST en ekki sem eiginleg stjórnstöð aðgerðarinnar. Hvernig stendur á þessum mistökum? Ef þetta voru ekki mistök heldur ákvörðun, hvers vegna var hún tekin og af hverju var ekki upplýst um hana fyrir æfinguna?

5.4.7 Einkunn æfingar

9,3